



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943, 3. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Stúdentafjelag Reykjavíkur – Kjósendafélag Reykjavíkur – Noregur – Síldveiðar – Fánamálið – Frón – Morgunblaðið – Vísir – Dagblað – Dagens Nyheder

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-10, Örk 2

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Grimúlfur H. Ólafsson,
Laugabrekku, Reykjavík,
Sími 622. Box 151.

FRÓN

BLAÐ SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Afgreiðslu- og innheimtumaður:
Porlákur Daviðsson,
Framnesveg 1.
Afgreiðsla Austurstræti 18.

25. tölublað.

Laugardaginn 6. júlí 1918.

I. árgangur.

**Til athugunar
fyrir kaupendur.** —
Gjalddagi blaðsins var 1. júlí. Peir sem eigi hafa greitt andvirði árgangsins geri svo vel og greiði það sem fyrst.

Afgreiðsla blaðsins er opin kl. 7—8 e. h. alla virka daga.

Eimskipafélag Íslands
og
eiturormurinn Fáfnir.

Hlutabréfsakaupin í Vesturheimi.

Á aðalfundi Eimskipafélags Íslands, sem haldinn var 22. f. m. hér í Reykjavík, urðu allmiklar umræður um félagsins kappum á hlutabréfum félagsins meðal Vestur-Íslendinga i veturn. Mál þetta er all-eftirtektarvert og viljum vér því skýra frá því, sem fram fór um það efni á fundinum og bæta þar við nokkrum skýringum.

Frásögnina um það sem gerðist á fundinum tökum vér eftir »Fréttum« og »Þjóðólfis« og er hún á þessa leið:

»Stjórnendur Eimskipafélagsins, sem búsettr eru í Vesturheimi, urðu þess varir í veturn, að þang-að voru komnir tveir leyni-erindrekar, sem voru mjög áfjádir í að kaupa hlutabréf félagsins af mönnum þar vestra. Töldu stjórnendurnir skyldu sina að vara menn við að selja bréfin. Engu að síður varð leyni-erindrekum þessum allvel ágengt um kaupin, enda lá sterkur grunur á, að menn úr stjórn félagsins hér heima mundu hafa átt þátt í ráðagerðinni og fjárfamlögum.

Aðferð þessi vakti all-mikla gremju vestra eins og hér heima, þegar um hana kvisaðist. — Par sem peir Árni Eggertsson og Bildfell komust ekki sjálfir á aðalfundinn, þá sendu peir fyrir-spurnir til formanns i símskeyti þess efnis.

Hvers vegna mönnum þeim hefði verið veittur aðgangur að bókum félagsins, er væri að kaupa hlutabréfin vestra, og

hvort meiri hluti islenzkra hlutahafa æskti þess, að Vestur-Íslendingar hætti hlutdeild sinni í félaginu.

Út af þessu spunnust all-miklar umræður á fundinum. Eggert Claessen lýsti yfir því, að stjórnin sem slik ætti engan þátt að leyni-kaupunum vestra og hefði engum veitt aðgang að bókum félagsins, enda væri öllum auðvelt að fá vitneskju um það, hverjur eignast hefði bréf þar i upphafi, því að það hefði verið auglýst jafnóðum í vestanblöðnum.

Enn fremur tóku til málss Péter kaupm. Ólafsson, Sigurður Jónsson kennari, Benedikt Sveinson, Magnús Sigurðsson, Sigurður Eggerz ráðherra, Jón Porláksson, Gisli Sveinsson og Brynjólfur Bjarnason kaupm.

Málstað Vestur-Íslendinga studdu þeir Sigurðarnir og Benedikt og Magnús. Bentu þeir á, hversu forgöngumenn málssins vestra hefðu lagt sig í líma að safna hlutafé og hversu landar vorir hefðu þegar orðið drengilega við, meðan alt var í óvissu um hag og framkvæmdir félagsins. Öðrum þjóðum hætti mikid í húfi landa sina í örðum ríkjum og álfum. T. d. hefði verið stofnað eimskipafélag í Svíþjóð skömmu fyrir styrjöldina, með lágum hlutabréfum, svo að sem flestir mættu eignast, og safnað til meðal Svína heima og í Vesturheimi, einmitt í því skyni að halda uppi ferðum milli Svíþjóðar og Norður-Ameriku og tryggja þar með vináttubond og samheldni þjóðarinnar beggja megin hafssins. —

Pótti það miður drengileg að ferð að gera héðan menn út í pukri til þess að sanka saman bréfum meðal einstakra landa vestra nú, þegar sýnt væri, að félagið gæti borð sig, enda auðsjáanlega gert í þeim einum tilgangi að bola V.-Ísl. út úr félagini, því að í sama mund var nóg af hlutabréfum falt hér heima.

Það gægðist upp hjá Eggert Claessen við umræðurnar, að sumir úr stjórn félagsins væri sjálfir sem einstaklingar viðriðnir leyni-erindireksturinn um hlutakaupin í Vesturheimi, þótt stjórnin »sem slik« væri það ekki.

Að lokum var borin upp tillaga frá Sigurði Eggerz þess efnis, að fundurinn teldi áframhaldandi samvinnu við Vestur-Íslendinga æskilega. — Var tillagan samþ. með 9733 atkv. gegn 7761.

Það var og borin upp tillaga frá Pétri A. Ólafssyni á þá leið, að fundurinn teldi æskilegt, að allir hlutir í félagini yrði eign

búsettra manna hér á landi og skoraði fundurinn því á stjórnina að greiða fyrir sölu hluta, sem Vestur-Ísl. kynnu að vilja selja og hjóða þá hér út. — Samþykkt með 11666 atkv. gegn 6076. Þess er að gæta, að mikill hluti atkvæðanna var í fárra manna höndum, einmitt þeirra, sem við undirhlutóðurinn eru riðnir. En ef miðað væri við tólu fundarmanna eða hlutaeigenda í landinu mundu að eins sárfa atkvæði hafa stutt svo lélegan málstað».

Það var auðheyrta á umræðum, að menn vissu ekki full deili á því, hverjur stæði að hlutabréfasmöluninni í Vesturheimi og málssvarar stjórnarinnar, þeir Claessen og Jón Porláksson þóttust litlar sem engar skýringar geta gefið — af skiljanlegum ástæðum. Blað vort vill nū upplýsa mál-ið dálitið betur.

Síðastliðið haust yar stofnað leynifélag hér í bænum til þess að kaupa í kyrrhei hlutabréf Eimskipafélagsins meðal Vestur-Íslendinga. Félagið var látið heita eftir eiturorminum Fáni, sem drap föður sinn sofanda vegna gullsins, lagðist á dyngjuna og létt vaxa undir sér, en unni engum örðum eyris af.

I stjórn félagsins voru þeir helztir: Eggert Claessen, stjórnandi Eimskipafélags Íslands, formaður, og Jón Porláksson, stjórnandi Eimskipafélags Íslands, gjaldkeri.

Fyrsta afrek »Fáfnis« var að ráða herra Ögmund Sigurðsson skólastjóra í Flensburg til hlutabréfsakaupa vetrarlangt meðal Vestur-Íslendinga. Fór hans var ger út skórulega í mjög »visindalegum tilgangi« til þess að »kynna sér skólamál í Bandaríkjunum«. — I stað hans var ráðinn til Flensborgar herra Steinþór Guðmundsson guðfræðiskandidat og kaupið greitt af »Fobnis-bóli«.

Vestra náði herra Ögmundur í herra Stefán Stefánsson leiðsögu-mann, er sendur hafði verið vestur með nokkra hesta í haust frá Sláturfél. Suðurlands. Réð hann Stefán til liðs við sig og var hann síðan mest i frammi um bréfakaupin.

Farið var með ráðabruggr þetta sem mannsmorð hæði hér og vestanhafs, en i það mund, sem kaupin voru sem fastast sótt vestra varaði »stjórn Eimskipafélagsins« menn hér heima við því að selja bréf sín nema eftir leiðbeiningum stjórnarinnar.

Eitthundrað þúsund krónur voru þegar handbærar til hlutakaupa vestra og tvöhundruð þúsundir tiltækilegar í viðbót þegar með þyrsti.

Árangurinn hefir orðið sá, að »Fáfnir« hefir náð undir sig hlutabréfum að vestan fyrir sem næst 27 þúsundir króna að nafnverði. Hvað hann hefir klófest hér á landi er ókunnugt ennþá.

Sjávarútgerð.

III.

Um síðastliðinn aldamót hefst enn nýtt timabil í seglfiskiskipa-útgerðinni. Síðstu árin fyrir aldamótin og nokkur ár eftir þau, gengust nokkrir dugnaðarmenn hér á Suðurlandi fyrir því að nokkrir af hinum svonefndu trawl-kúttarum, er Engleingar þá höfðu að mestu hætt við til slikra veiða, (en tekið í staðinn eimskip, botnvörpunga), og gerðu færum, eins og áður hafði tiðkast hér á hinum smáu skipum.

Mörg af skipum þessum munu hafa verið farin að eldast, og sum ef til vill orðin léleg, en hinsvegar lítið sem ekkert eftirlit með skipaútgerð, i þann tíð, og frá landsins hálfu nálega ekert.

Flestir skipaeigendurnir munu og hafa verið óvanir allri skipaútgerð, og margir ef til vill hugsað meira um það, að hafa eitt-hvað upp úr útgerðinni í svipinn og láta það drasla í lengstu lög, þótt eitthvað færi aflaga. Par við bættist, að ýmsir er skipstjórn höfðu, munu varla hafa verið þeim starfa vaxnir og skipshafnirnar óvanar slikum skipum og útbúnaði þeirra.

Það varð því svo að segja mjög eðlilegt, þrátt fyrir það þótt skip þessi væru stórvægt og í sjálfa sér góð skip, að svo fór sem fór, að slysfarir yrðu afarmiklar á útveg þessum, en áður höfðu skiptapar varla verið teljandi á seglskútflofanum. Er ekki ósenilegt, að þeir hinir mörgu skiptapar, er urðu á þeim árum, hafi slegið óhug á ýmsa, svo það meðal annars hafi stuðlað að því að útveg þessum hrakaði svo skyndilega sem raun varð á.

Fyrst framan af munu flestir af fiskimönnum á þessum stóru kúttarum, hafa verið ráðnir upp á fast mánaðarkaup og premiu, eins og áður tiðkaðist, auk fæðis eins og litt var.

Litur út syrir að fyrstu árin hafi allgóður hagnaður orðið af útgerðinni, því skipum þessum fjölgæði mjög á fáum árum.

Veiðitíminn var sem kunnugt er, frá byrjun marzmánaðar til miðs september og voru farnar 4 fiskiferðir, vetrarvertið, vorvertið og fyrri og síðari summarvertið.

Pegar skipum þessum fjölgæði svo ört, og alla reynslu vantaði, þá er svo sem auðvitað að margin voru þeir ráðnir syrir fult kaup, sem svo gerðu lítið meira en vinna fyrir mat. En samkepnin var mikil og fólkseklan var einnig mikil, því 20—30 menn þurfti á hvert skip, svo útgerðarmenn-irnir hækkuðu kaupið til að fá fólkid, og buðu hver i kapp við annan upp á væntanlega veiði, en svo mun oft hafa orðið litill hagnaðurinn, er öllu var á botninn hvolt.

Loks, er öllu virtist vera komið í óefni, var skift um kaupgjaldsmátann, bætt við mánaðarkaupið, en tekið upp að láta fiskimennina fá helming afta síns, auk ókeypis fæðis o. fl. eftir samkomulagi, en um það leyti fóru botnvörpungarnir að koma til sögunnar og sótti þá brátt úrvallsliðið á þann útveg. Gömlu kúttarernir flestir voru smátt og smátt seldir, flestir til Færeyja.

(Framh.)

Frá alþingi.

Samkvæmt brezku samningunum svonefndu, eða samningunum við bandamenn, vilja þeir enga sild af okkur kaupa á þessu ári, en heimila hins vegar að alt að 50000 tn. af sild þeirri er Íslendingar veiða í sumar, megi flytja til Sviþjóðar, ef þeir vilji kaupa.

Útgerðarmenn þeir, er hér eiga hlut að mál, hafa nú haldið fund með sér út af þessu og snúið sér til landsstjórnarinnar og Alþingis og hefir nú bjargráðanefnd Ed. lagt fyrir þingið eftirfarandi

Frumvarp til laga um kaup landsstjórnarinnar á sild.

1. gr. Af sild þeirri, er innlendir menn veiða hér við land á tímabilinu frá 15. júlí til 15. sept. 1918, heimilast landsstjórninni að kaupa 100 þúsund áfyltar tunnur á tilteknum höfnum með ákvæðisverði og þeim skilmálum, er lög þessi að öðru leyti ákveða.

2. gr. Sildin skal keypt því ákvæðisverði, er hér greinir.

Fyrri 50000 tunnurnar á 75 aura hvert kg. og síðari 50000 tunnurnar á 45 aura hvert kg.

Skilyrðin fyrir kaupunum eru þessi:

a. að seljandi hafi fulla ábyrgð á sildinni þangað til hún er tekin á viðkomandi höfn, haldi henni við með þækjun og hafi fulla umsjón með

henni, alt án endurgjalds, til ársloka 1918. Eftir þann tima er sildin á ábyrgð kaupanda, en seljendur eru skyldir til að hafa á höndum umsjón og viðhald sildarinnar, gegn borgun eftir reikningi, er stjórnin samþykkir, en geymslupláss leggur seljandi til ókeypis.

b. að seljendur annist á eigin kostnað útskipun á sildinni og greiði útflutningsgjald af henni að lögum.

c. að sildin sé metin og vegin, svo sem lög standa til, á kostnað seljanda.

3. gr. Sildin sé keypt á þessum stöðum: Seyðisfirði, Eyjafirði, Sigufirði, Reykjafirði, Önundarfirði og Ísafjardarkaupstað. Enn fremur getur landsstjórnin gert kaupin á fleiri höfnum, ef það veldur eigi sérstökum erfiðleikum eða aukakostnaði, t. d. Eskifirði, Álfafirði og Ingólfssfirði.

4. gr. Sildin skal keypt af hinum ýmsu frambjóðendum, í réttum hlutföllum við tunnueign þeirra, eins og hún var hér á landi 1. júní þ. á.

Pegar ákveðin er hlutdeild frambjóðenda í sölunni, koma — auk framleiðenda — þeir einir sildarkaupendur til greina, sem hafa greitt minst 20 krónur fyrir málturnu nýrrar sildar.

5. gr. Fyrir 15. júlí 1918 skulu menn hafa sagt til um það, hvort þeir óski að nota þann rétt til sildarsölnum sem heimtaðar eru með lögum þessum, og hve miklar tunnubirgdir þeir hafa átt hér á landi 1. júní þ. á.

Fyrir sama tíma selur landsstjórnin og auglysir nánari reglur um framkvæmd laga þessara og skilyrði gagnvart seljendum, svo sem henni þykir nauðsyn til.

6. gr. Verð sildarinnar greiðist seljendum hlutfallslega eftir tunnustali því, sem kaup eru gerð á, jafnótt og landsstjórnin hefir fengið verð fyrir sild, er hún selur út. Nú hefir hún ekki fengið inn í lok októbermánaðar svo mikil, að nemi helmingi af innkaupsverðinu, og skal hún þó eigi að síður greiða seljendum fyrri helming verðsins að fullu og síðari helminginn fyrir árslok.

7. gr. Nú verður að lokum, þá er landssljórnin hefir komið í verð allri þeirri sild, er hún hefir keypt samkv. 1. gr., hagnaður af sildarkaupunum, eftir að dreginn er frá kostnaður og vaxtatap, og skiftist sá hagnaður þannig: $\frac{3}{4}$ hagnaðarins greiðast til seljendanna, en afgangurinn rennur í landssjóð.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Í greinargerð frumvarpsins er þess getið, að það sé fram borð að ósk nefndar þeirrar, er útgerðarmenn kusu til að ráða ráðum við stjórn og þing um þetta mál. Enn er þess getið að enn sé óvist hvert verð við fáum fyrir sildina hjá Svíum, þótt þeir kaupi,

sem heldur ekki er fastákvæðið enn þá.

Verði gróði á verzlun þessari vill nefndin að $\frac{3}{4}$ hlutar hans gangi beint til seljendanna, en eigi getur nefndin neitt um það, að þeir eigi að taka þátt i áhætunum og bera tapið að $\frac{3}{4}$ hlutum, ef svo færi að verulegt tap yrði á öllu saman, sem ekki er óhugsandi, því sildarverzlinun hefir verið og er enn allóabyggileg, og eins og tekið er fram í greinargerðinni liggja Englethingar hér með mikil af sild enn þá, sem að visu er af fyrri ára framleiðslu, en þó svo góð vara enn, að sæmileg er til skepnufóðurs að því er vér höfum heyrt, og hún fæst með góðu verði.

Að visu væri það gott og í sjálfsu sér æskilegt, ef hægt væri að hjálpa atvinnugrein þessari yfir hina örðugu tima sem nú standa yfir; en hinu má þó ekki gleyma, að ekki er með öllu óhugsandi, að þeir atvinnuvegirnir sem velferð landsins hvilir enn meira á en sildarútgerðinni, komist í það öngþveiti, að brýn nauðsyn beri til að landssjóður hlaupi undir bagga og kemur þá til athugunar, hvort rétt sé, að meðan ekki þrengir meir að enn er, að landssjóður setji svo mikil fé eins og gert er ráð fyrir í frumv. þessu, fast i ekki vissari viðskifti en þar virðist um að ræða, jafnvel þótt ráð sé gert fyrir, að alt gangi sæmilega og landssjóður að tjón.

Lyfjaverzlnun lækna.

Fyrirspurn og úrskurður stjórnarráðsins.

Jón Jóhannesson, settur héraðslæknir á Húsavík hefir sent Læknablaðinu eftirfarandi fyrirspurn:

Að gefnu tilefni sendi eg i vetrur simleiðis svohljóðandi fyrirspurn til stjórnarráðsins:

»Er héraðslæknir, sem hefir lyfjaverzlnun, skyldur til þess, að selja lyf eftir beiðni. Sé svo, að hann þá ekki heimtingu á venjulegu lyfseðilsgjaldi i hvert sinn? Eða er hann yfirleitt skyldur til að sinna nokkru öðru en því, sem telst laeknisvitjun (Consultatio)?«

Stjórnarráðið hefir að lokum svarað fyrirspurn þeirri, er hér getur um, 4. júní á þessa leið:

»Út af fyrirspurn yðar, herra héraðslæknir, i símskeytti dags. 6. febr. þ. á., viðvikjandi lyfjá-sölu héraðslækna, skal yður hér með, eftir að málid hefir verið boðið undir landlæknii, til vitundar gefið til leiðbeiningar, að

1) Ef læknir selur lyf handa sjúkling, sem leitað hefir læknið til hans, þá ber honum borgun — a) fyrir læknißtarfið eftir gjaldskrá héraðslækna — b) fyrir lyf samkvæmt gildandi

lyfsluskrá, og þá án nokkurs sérstaks endurgjalds fyrir lyfseðil, þó um lyf sé að ræða, sem ekki má selja án lyfseðils.

2) Ef læknir selur lyf eftir lyfseðli frá öðrum læknii, þá ber honum og auðvitað engin önnur borgun en fyrir lyfsláft samkvæmt lyfsluskrá, enda er hann að sjálfssögðu skyldur að selja þeim, er biður, ef lyfseðillinn er löggiður og hann hefir lyfið til.

3) Nú er læknir beðinn um lyf, sem ekki má selja án lyfseðils, án þess að hann sé spurður læknisráða, eða fenginn lyfseðill frá öðrum læknii, og er þá bein skylda hans að neyta um lyfið, ef hann veit ekki nema það kunni að verða misbrúkað, en að öðrum kosti frjálst að selja það, og ber honum þá vitanlega borgun fyrir lyfseðillinn, sem svari borgun fyrir viðtal við sjúkling (sbr. gjaldskrá fyrir héraðslækna, 3. gr. A, 3. og 4. lið).

4) Ef nú læknir er beðinn um lyf, sem selja má án lyfseðils og alment eru notuð af alþýðu manna sem heimilislyf, þá er læknir auðvitað skyldur að láta héraðsbúum sinum þau lyf i té, án þess að heimta aðra borgun en þá, sem honum ber fyrir lyfið samkvæmt gildandi lyfjaskrá.«

(Læknablaðið)

Eimskipafélagið.

Skipstjóraskifti á Villemoes.

Um daginn er Villemoes og Borg lágu hér samtimis við Hafnarbakkann, flaug sú fregn skyndilega fyrir að stjórn Eimskipafélagsins ætlaði að skifta um skipstjóra á skipum þessum, láta Júlinius, er áður stjórnandi Goðafoss og nú síðast hefir verið skipstjóri á Borg, taka við skipstjórn á Villemoes, en láta Pórólf Beck er nýlega var orðinn skipstjóri á því skipi, taka við skipstjórn á Borg. En að sögn fórst þetta fyrir vegna þess að skipshöfnin á Villemoes neitaði að sigla með hinum nýja skipstjóra, og ekki timi til að fá nýja menn i þeirra stað, en skipið, er þetta kom til, búið til brottisiglingar.

Umraedd skip eru sem kunnugt er ekki eign Eimskipafélagsins heldur landssjóðs, sem hefir falið greindu félagi útgerð þeirra, og þá að likindum einnig það, að ráða menn á skipin, svo að því leyti mun mega skoða þau sem skip umgetins félags.

Það kom fram bæði i blöðum og umræðum manna á milli í fyrra er Júlinus þessi var ráðinn skipstjóri á Borg, að það þótti, að minsta kosti sumum hverjum, allóheppilegt, að Eimskipafélstj. skyldi taka mann þenna á skip þetta, en að menn sættu sig samt sem áður nokkurn vegin við það, mun hafa komið af því, að ýmsir

litu svo á, að örðugt mundi vera að fá skipstjóra í þær ferðir er Borg átti að fara, og að maðurinn var sagður hafa verið atvinnulaus.

Það kom því flatt upp á margan, að nú er Gullfoss kom úr Vesturheimsferðinni, hafði framkvæmdarstjóri og stjórn Eimskipafélagsins, að því er sagt er, ákveðið að láta 1. stýrimann á Gullfossi, Pétur Björnsson, taka við skipstjórn á Borg, sem ekkert er við að athuga, en sent Pórölf Beck uppsögn á skipstjórástöðu á Villemoes, og að því er fullyrt er ráðið fyrgreindan Júlinus á það skip i hans stað.

Alþjóð manna mun enn i ofersku minni Goðafoss-strandið, til þess að geta tekið því með jafnaðargeði, að vel hæfum manni, sem verið hefir á útveg þessum og ekki svo vitanlegt sé, gert neitt það fyrir sér, er réttlætt geti uppsögn félagsins, skuli vera bolað frá, án þess að skipseigendur séu um spurðir, til þess að koma þessum manni að. Og þótt segja megi að alt af geti komið fyrir að skip strandi, þá var nú Goðafoss-strandið þannig vaxið, að ekki virðist vera ástæða til að verðlauna eða forframa skipstjóra þann er með skipið fór, sérstaklega fyrir þá frammistöðu alla saman.

Varla getur það heldur talist gott fordæmi, að láta þann manniinn er svo slysa lega tókst, að stórtjón hlaut af bora burtu þeim manninum er allir sem til þekkja, bæði skipshöfn og aðrir, bera hið bezta traust til i hvivetna.

Bæjarfréttir.

Skipafregnir.

Gullfoss, eimskip, skipstj. Sigurður Pétursson, kom hingað frá New-York 1. þ. m. Með honum komu margir færðegar, þar á meðal Árni Eggertsson, verzlunarindrekki, kaupm. Jón Björnsson, Jónatan Þorsteinsson o. fl. Skipið flutti hingað fullfermi af ýmsum varningi, þar á meðal 14 bila, mjög mikið af niðursoðnum ávöxtum, skófatnaði, hljóðfærnum, niðursödinni mjólk, ýmsum vefnaðrvörum o. fl. til ýmsra kaupmanna og um 250 smál. af haframjöli til Landsverzlunarinnar. Skipið fer héðan aftur í kvöld kl. 10 til New-York að sækja vörur og tekur póst og farþega.

Isblomsten, selveiðaskip frá Aalesund í Noregi, skipstj. Edv. Ronning, 45.⁷⁰ smál. að stærð, kom hingað 2. þ. m. Heldur héðan norður í höf til selveiða.

General, enskt botnvörpuskip, kom hingað sama dag, tafði hér litla stund og sigldi aftur út á leið milli eyjanna hér, en tókskakka stefnu er komið var fyrir Örferisey og ætlaði sundið milli

hennar og Akureyri, en setti á grunn. Sat skipið þar þangað til á næsta flóði, að því flotaði ofan af grunnum og sigldi til hafs. Björgunarskipið Geir fór á vettvang en þurfti ekki að hafast að.

Snorri goði, skip hf. Kveldúlf er nýlega komið frá Englandi. Sagt er að sumir af skipshöfnum hafi tekið þar sótt nokkra og einn orðið eftir af skipinu þar fyrir.

Jón forseti, skipstj. Gunnl. Illugason, er og nýlega kominn frá Fleetwood og Englandi. Hafði selt afla sinn fyrir um 5000 pd. sterl., og engan kafbát hitt í þetta skifti.

Rán, botnv. sem fór til Vesturheims, er nú fyrir nokkru farinn að stunda þar veiðar, og er sagt að vel gangi. Hefir skipstj. beðið um menn til viðbótar skipshöfnum, héðan að heiman og munu þeir fara með Gullfossi vestur.

Borg fór héðan sem til stóð norður á Eyjafjörð með tunnur fyrir hf. Kveldúlf.

Vœdráttá

hefir verið heldur kuldakend þessa vikuna. Útsynningshroði og stundum hálfgerð krepjuhríð, klakkað loft eins og á haustdegi, þó hefir oftast gefið á sjó og afli eftir öllum vonum.

Ísl. Falk

brá sér hér út i flóann núna i vikunni og veiddi two enska botnvörpunga er leiu fyrir. Með veiðarfæri ofan þilja. Tók hann þá griðalaust og færði til Hafnarfjarðar og sektaði löggreglustjóri þá um 2000 kr. hvern, fyrir þessa vanrækslu. (Botnvörpungar eiga að hafa veiðarfæri í búlka og hléra innanborðs, er þeir koma í landhelgi).

Guðm. Friðjónsson

skáld frá Sandi, fór héðan áleiðis heim til sin með Borg.

Haraldur Nielsson

þrófessor dvelur á Akureyri um þessar mundir og mun verða á Norðurlandi í sumar. Nýlega hélt hann fyrilestur um eilifðarmálin á Akureyri fyrir troðfullu húsi, sem vænta mátti, því að á hann vilja allir hlýða.

Mjaltavél

hefur Bogi A. J. Pórðarson á Lágafelli fengið frá Vesturheimi. Er það fyrsta mjaltavélin, er flutur til þessa lands. Vélin sparar mjög vinnukraft, — er hún af fullkomnustu gerð sem til er. Vélinna útvegaði Stefán Stefánsson ferðamannatúkur.

Ingólfur

nýr mótorbátur Lofts Loftssonar í Sandgerði kom hingað 3. júlí eftir 24 daga útvist frá Kaupmannahöfn. Hreppti hann þegar illt veður í upphafi og komst til Noregs, hafði hann þá eytt þeim 10 tunnum af olíu, sem hann fékk með

sér frá Danmörku. Nú varð að taka til segla, en þá gerði logn vikutíma. Pegar kom undir land hreppti báturinn hardan mótvind, svo að segl varð að tvirifa og vanst litið á. Á sunnudaginn náði báturinn til Vikur og komust menn við illan leik í land sökum brims, en þá var ekki eftir af vistum í bátnum annað en dálitill skamtur af kartöflum, svo að hér mátti ekki tæpara standa.

Einp farþegi kom með bátnum Sigurður Jónasson cand. philol.

Kolanám.

Pingeyrar-, Mosvalla- og Suðurseyrar-hreppar í Vestur-Ísafjarðars. hafa tekið á leigu mókolanámu í Botni í Súgandasíði um næstu 3 ár. Eru þar sögð góð kol. Hreppar þessir sækja nú um 35 þúsund króna lán úr landssjóði til húsbýggingar og vegagerðar fyrir námurekstur pennan.

FRÓN

kemur út einu sinni á viku. Kostar 4.00 kr. árg., ef borgað er fyrir 1. júli, 5.00 kr. ef síðar er greitt.

Gjalldagi 1. júli ár hvert. Uppsögn skrifleg bundin við áramót — ógild nema komin sé til útgefanda fyrir 1. okt., enda kaupandi pá skuldraus.

Útgefandi: Félag í Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Grímúlfur H. Ólafsson, Laugabrekku í Reykjavík. Simi 622. — Box 151. Afsgreiðslumaður: Þorlákur Davíðsson, Framnesveg 1. Afgr. Austurstræti 18.

áitu heima, var enn þá bjart. Báðir sátu bognir yfir vinnu sína og notuðu kappsamlega síðustu kvöldgeislana. Gustav var nýkomin aftur til bæjarins. Hann var fólor og hóstaði meira en áður. Svipur hans bar vott um óró og óánægju og úr augum hans, sem glöðu eins og í hitasótt, mátti lesa leyndan sársauka. Báðir þögðu, en það var augljóst, að Gustav vildi gjarnan rjúfa þognina, því hann leit hvað eftir annað á Schwarz. En honum virtist erfitt að byrja samræðuna, og hann grifði sig aftur yfir bókina. Loksins varð hann óþolinmóður á svipinn, greip húfu sína af borðinu, stóð á fætur og spurði: »Hvað er klukkan?«

»Hvers vegna ferðu ekki til ekkjunnar; þú ert vanur að fara til hennar á hverju kvöldi. Schwarz stóð á fætur og sneri sér að Gustav.

»Gustav, þú hefir sjálfur samkvæmt fyrirmælum hennar farið með mig þangið. En við skulum ekki tala um þetta, sem okkur báðum er ógeðfelt. Við skiljum auk þess hvor annan fullkomlega. Og svo get eg sagt þér að eg ætla ekki að heimsækja hana framar, hvorki í dag eða á morgun. Eg gef þér hér með hönd mina upp á það.« Peir stóðu hljóðir hvor gegnt óðrum; Schwarz rétti fram höndina, Gustav hikaði fyrst við, en svo greip hann hönd vinarsins. Peim var sýnilega báðum erfitt að taka til máls. Árangurslaust leitaði annar að vingjarnlegum orðum og hinn gat ekki komið þakklætinu fram yfir varirnar. Peir skildust þegjandi.

Schwarz hafði heitið Gustav því að heimsækja ekkjuna ekki oftar. Hvort sem hann nú elskadí hana eða eða ekki, þá var þetta loforð förn frá hans hlíð, því hún var eini geislinni í hinum tilbreytingarlausa lifi hans, og hugsanir hans snerust um hana. Pegar Gustav var farinn út úr stofunni, varð Schwarz bæði sorgbitinn og óánægjulegur á svipinn. Íðraði hann þess, sem hann var nýbúinn að lofa? Nei. En hann sökti sér niður i djúpar og óþægilagar hugsanir. Á meðan ráfaði

II.

Schwarz velti því lengi fyrir sér, við hvaða deild hann ætti að innrita sig. Loksins valdi hann læknadeildina.

Mánuður var liðinn. Það var hlýtt haustkvöld, — geislarsólariðar hurfu haegfara af turnum i Kiew. Í þakherberginu, þar sem þeir Schwarz og Jósep

CLAUSENSBRÆÐUR.

HEILDSALAR.

HÓTEL ÍSLAND.

SÍMAR 39 OG 563.

Skófatnaður, allskonar.
Pappírspokar, allar stærðir.
Umbúðapappir.
Vindlar, margar tegundir.
Reyktóbak.
Tauklemmur.
Axir.
Vasabækur.
Blyantar.
Rakvélar, fjöldi teg.
Myndarammar, 50 teg — fallegt úrval.
Klossar, allar stærðir.
Prentsverta.
Veggfóður, margar teg.
Laxönglar.
Skóburstar.
Ofnburstar.
Myndabækur, stórt úrval.
Spilapeningar
Lyngkústar.
Ostar, 2 tegundir.

Leirvara, allskonar.
Hárgreiður, margar teg.
Höfuðkambar, margar teg.
Flatningshnifar með vöfðu skafti
Hnifapör allskonar
Reykjarpipur, fleiri tegundir.
Speglar, ótal stærðir.
Húfur, mjög margar teg.
Úr, fjölskrúðugt úrval.
Úrkeðjur.
Peningabuddur, 30 tegundir.
Pennaskóft.
Borðgaflar.
Lampaglöss, 8", 10" og 14 til 20"
Póstkorta-albúm.
Ferðakoffort, fleiri teg.
Skrúbbur.
Skólatöskur.
Skjalamöppur.
Handklæðabretti.
Rykkústar.

CLAUSENSBRÆÐUR.

HÓTEL ÍSLAND.

HEILDSALAR.

SÍMAR 39 og 563.

Nú nýkomið

mikið af allskonar

Vefnaðarvöru,
Karlmannafötum
og ýmsu fleira í
Austurstræti 1.
Ásg. & Gunnlaugsson & Co.

Gustav, hnugginn og sorgbitinn, á stað, án þess að vita eiginlega hvert hann ætlaði. Þá heyrði hann alt i einu að baki sér, sungið fjörugt lag með bassarödd sem hann kannaðist vel við. Hann leit við. Það voru þeir Wassiliewicz og Augustinowiz.

»Hvert ert þú að fara, Gustav?« spurði sá fyrnefndi.

»Já, hvert?« Hann leit á úrið sitt. »Það er enn þá of snemt að fara til ekkjunnar. Eg fer fyrst upp í klúbbinn.«

»Farðu þá heldur heim til ekkjunnar.«

»Því þá það?«

»Þú átt ekkert erindi lengur í klúbbinn.«

»Hvað hefir komið fyrir?«

»Ógæfa.«

»Nú, segðu frá, maður!«

»Háskólaráðið hefir lokað knæp-

unni okkar. Einhver hefir ljóstrad því upp, að þar væru haldnar stúdentasamkomur.«

»Hvenær vildi þetta til?«

»Fyrir tveim timum.«

»Eg ætla undir eins að fara og rannsaka málid.«

»Eg ræð þér til að gera það ekki. Þú verður lokaður inni.«

»En hvers vegna i dauðanum gerðu þeir þetta ekki að kvöldi til? Þá hefðu þeir getað veitt okkur alla eins og fiska í net.«

»Nei, þeim lá meira á hjarta, að loka en að veiða okkur.«

»Hvert ætlið þið?«

»Við fórum til þess að aðvara hina. Kemurðu með okkur?«

»Eg get það ekki.«

»Hvert ætlarðu?«

»Til ekkjunnar.«

Prentsmiðjan Gutenberg.

Auglýsing

frá

innflutningsnefndinni.

Samkvæmt reglugjörð frá 11. júní þ. á. má engar vörur flytja hingað til lands frá útlöndum, nema til þess sé fengið leyfi innflutningsnefndar. Frá þessu eru þó undanskildar kornvörur, kol, sykur, steinolía og bensin er landsverzlunin annast að öllu innflutning á. Þar sem ákvæði reglugjörðarinnar nær til allra vara, sem komið hafa til landsins eftir að reglugjörðin var gefin út, eru þeir, sem fengið hafa vörur með skipunum Botniu, Borg og Alfa og öðrum skipum, er komið hafa til landsins eftir 2. þ. m. áminntir um að sækja um innflutningsleyfi fyrir þær vörur.

Reykjavík, 29. júní 1918.

Innflutningsnefndin.

C. Proppé, L. Kaaber,

Eggert Briem,
frá Viðey.

Telegrammadr.:

Strand.

Telefon nr.

598, 237, 507.

Emil Strand
skipamáliari (Skibsmægler).

Reykjavík.

Útvegar skip til fiskflutnings til Spánar og saltflutnings þaðan aftur og hingað. Einnig útvegar hann trjávið alls konar frá Noregi og Svíþjóð.

Auglýsing.

Það tilkynnist hér með öllum seljendum, að útflutningsnefndin hefir ákveðið að taka af hverri söluupphæð $\frac{1}{2}$ — hálf — $\frac{1}{4}$ til kostnaðar við ráðstafanir, störf og framkvæmdir nefndarinnar.

Komi það fyrir, að þetta gjald nægi eigi til sliks kostnaðar, áskilur nefndin sér rétt til að jafna niður á seljendur því er á kynni að vanta.

Reykjavík, 29. júní 1918.

Útflutningsnefndin.

Thor Jensen, formaður.

Pétur Jónsson.

O. Benjamínsson.

MORGUNBLAÐIÐ

Stofnandi: Vilh. Finsen.

Landsblað Lögrjetta.

Ritstjóri: Þorsteinn Gíslason.

8. árg., 251 tgl.

Þriðjudaginn 5. sept. 1922.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Gamla Bló

Hamlet.

Sorgarleikur í 6 þáttum með einum forleik.

Aðalhlutverkið »Hamlet« leikur Asta Nielsen.

Meðal annara þektra leikara sem einnig leika í þessari mynd má nefna:

Anton de Verdier og Lilly Jacobsen.

Efni myndarinnar er tekið eftir hinu heimsfræga leikriti Shakespeare's, en þó með nokkrum breytingum í samræmi við hina eldgömlu Hamlet-þjóðsögu, sem professor Vining hefir samið.

Eins og næri má geta, þar sem efni og leikendur er það fullkomnasta, sem kostur er á, hefir mynd þessi allsstaðar vakið seikna athygli og aðdáun.

Sýning kl. 9.

Pöntunum veitt móttaka í síma 475.

NB. Hafið þér gerst áskrifandi að Bjarnargreifunum?

Einokun eða samkepni.

Þegar litið er til atburða þeirra, sem gerst hafa úti í heimi árin sem liðin eru frá ófriðarlokum, verður ennþá ljósara en áður hvílkt flónskuverk landsstjórnin hefir gert er hún rjeðst í að koma á steinolíueinokun hjá. Því einmitt í steinolíuversluninni er nú örðin alheimssamkepni, miklu harðari en með nokkra aðra vörutegund. — Hefir áður verið sagt frá hinni gífurlegu samkepni sem alstaðar er háð milli Standard Oil annars vegar og ensku samsteypunnar (Anglo-Persian, Royal Dutch og Shell) hins vegar. Í grein í Politiken 9. f. m. er allitarlega sagt frá því, hvernig samkepni þessari ei háttáð, og hafa menn gott af að bera saman verslunarástand Dana, hvað olíu snertir, við einokunarástandið sem íslendingum er ætlað að búa við í næstu þrjú ár. Fer hjer á eftir mestur hluti gréinarinnar.

„Standard Oil hefir verið mestu ráðandi á olíumarkaðinum, síðustu árin. D. D. P. A. hefir haft ágæta tilhögum á olíuverslun sinni, sett upp stóra geymira fyrir benzín, steinolíu og hráolíu, eigi aðeins í hafnarbæjunum, heldur einnig svo að segja í öllum dönskum bæjum til sveita. Ennfremur smærri olíugeymira hjá flestum kaupmönnum við sjó og til sveita, og kaupmenn hafa jafnvel gert samningum að kaupa ekki olíu annars-

H. I. S.

,Þór' kemur bráðum.

Hið ísl. steinolíuhlutafjelag.

Simar 214 og 737.

Leigulóðir Reykjavíkurhafnar.

Þeir sem vilja taka á leigulóðir undir vörugeymslu á nýju hafnaruppfyllingunni sendi umsóknir sinar á hafnarskrifstofuna fyrir 15. september. Uppdráttur af hafnarsvæðinu er til sýnis á hafnarskrifstofunni.

Hafnarstjórin i Reykjavík

Pór. Kristjánsson.

Handskorna neftóbakið

i Landstjörnunni er best.

Jarðarför móður og tengdamóður okkar, ekkjunnar Sigriðar Jónsdóttur, fer fram fímtudaginn 7. þ. m. frá heimili hennar, Brunnholti við Brekkustig, kl. 1. e. h.

Dætur og tengdasynir.



Það tilhynnist vinum og vandamönnum að móðir min, Helga Jónsdóttir, andaðist að heimili sínu, Amtmannsstig 5, 4. þ. m.

Gunnþórunn Halldórsdóttir.

Fókkum hlutteknингuna við fráfall og jarðarför Karitasar Andrjesdóttur.


Aðstandendur.

staðar en hjá D. D. P. A. En ófriðurinn og árin sem síðan eru liðin hafa gert fjelagið miklu valt ara í sessi. Keppinautar hafa komið fram og náð viðskiftavinum smátt og smátt til sín, og þrykt verðinu niður jafnt og þjett, svo að það er nú svipað eins og á heimsmarkaðinum. Dansk-engelsk Benzin- og Petroleum Co (Shell) og Caucean Oil Co, og Brödrene Jansen hafa skift benzinversluninni á milli sín, L. C. Glad & Co. hafa náð fótfestu á olíumarkaðinum, Alfred Olsen með sólaroli, og nú er dansk fjalag, Det forenede Oliekompagni, sem var

stofnað fyrir nokkrum árum og nýtur stuðnings Anglo-Persian Oil Co í London, að búa sig undir aðalrustuna.

..... Við norðurhöfnina í Kaupmannahöfn eru stórir olíugeymirar í smíðum. Þar er geymir við geymir, heill bær, sem vekur furðu vegna þess hve stórhann er og sjerkennilegur, hve mikil þar er af olíu og hve dýrhann er. Allir olíugeymirnar þar, nema tveir 4000 tonna geymirar, sem Östasiatisk Co hefir þar undir hráolíu, eru bygðir eftir striðið og hafa kostað ógrynni fjár. — Fyrst bygði L. C. Glad 5000 smá-

Fyrirliggjandi:



Kerti, hvít, 2
staðir.

Handsápur.
Pvottasápur,
Línsterkja.
Ofnsverta.

Simar: 281, 481 og 681.

Tilboð óskast í keyrslu á steypusandi og möl. Upplýsingar á Bókhlöðustig 6, eða í Landsbankabyggingunni.

Pianokensla.

Undirrituð tekur ao sjer kenslu í pianoleik. Verð til viðtals kl. 2—4 í Aðalstræti 9 (skrifstofu Gunnars E. Kvaran) fímtudaginn 7. þ. m. og eftirlieidis. Simi 890.

Mathilde Arnalds.

Iesta „Masuttank“ og svo Shell two stóra geymira fyrir sólarolíu. Nýlega er byrjað að nota hina risavöxtu geymira. Det forenede Oliekompagni, sem taka 8000 og 4000 smálestir. Allir geta sjeð þennan olíubæ af Löngu límu, þar hefir D. D. P. A. vígi sitt innan girðinga fríhafnarinnar, einn hvítan geymir fyrir sólarolíu, two svarta fyrir hráolíu og cinkennilegan háan reykhlíf fyrir upphitunartöðina.

Á hafnartanganum er alt orðið fult af mannvirkjum og ekki meira rúm til. En hafnarstjórnin hefir sjeð hvað verða vill. Miklu norðar hefir nýtt land verið þurk-að upp, bryggjur bygðar og gerð til fenginhöfn. Höfnin hefir skotið út nýjum armi, sem umlykur baðstaðinn Helgoland, svo að hann er nú kominn inn í vík. Hingað koma engir nema olíumennir og verkafólk þeirra. „Det forenede Oliekompagni“ er að smíða 8 liggjandi benzingeymira á 500 smálestir hvern, og verður sú stöð eftirtektarvert mannvirkji. Shell-fjelagið hefir þegar bygt two upp-rjetta geymira og hefir rúm fyrir fleiri. Þarna er framtíðarheimili benzinsins, vatn á annan veginn og sandar á hinn, og hjer gerir það minstan skaða, þó illa teknist til og alt fari í bál.

Hvernig fer nú þegar olíuris-unum lendir saman? Enginn veit það og enginn þorir að spá neinu. Smærri fjelöginn ætla að draga sig til baka og láta aðalfjelögini, D. D. P. A. og D. F. O. (Det forenede Oliekompagni) berjast til þrautar. Hvort þeirra þolir lengri baráttu? Hvort hefir við meira fje að siðjast? Eflaust er það Standard Oil. Og það er líka það sem heldur viginu nú, en D. F. O. sem er sækjandinn, mun fá að reyna hvað það kostar að gera atlögu að ram-

Nýja Bló

Sterkasta aflið.

Sjónleikur í 5 þáttum, Leikinn af Nordisk Film Co. Settur í senu af Holger Madsen.

Hlutverkaskrá:

Betty Wiggins Lilly Bech
Billy Wiggins (maður hennar) Valdm. Lund
Thomas Ward Henrik Halberg
William White Peter Malberg
Evelyn White Gudrun Braun
Ralph Lewis Eyvind Kornbeck
Turner Hugo Braun.

Sýning kl. 8½.

Regnhlíf hefir tapast, skilist gegn fundarlaunum. A. v. á.

bygðu vígi. Ógrynni fjár hefir verið notað til þess að smíða geymira í Kaupmannahöfn og annarsstaðar í Danmörku. Í Fredericia er afarstórr stöð ásamt bryggju á steinsteypu. Í Álaborg, Svendborg og fleiri bæjum eru nýjar stöðvar í smíðum. Yfirleitt hafa stöðvar þessar verið smíðaðar fyrir tvöfalt verð á við það, sem þær mundu kosta í dag. Verður hægt að fá tekjuafgang til þess að skrifa af verði þessara olíugeymira? Enginn veit það. Danmörk er lítið land og hefir litla olíu-rotkun. Ennþá eru eimkatalarnir hætaðir með kolum, enn eru traktárnir sjaldgæfir við jarðyrkjuna, og enn eru reiðhjólin fleiri en Ford-vagnarnir. Þeir sem vit eiga að hafa á, hrísta höfuðið yfir öllum þeim óskópum sem bygð eru af olíugeymirum, sem er miklu meira en þörf landsins krefst, og sem bundið hefir miljónir á miljónum ofan af fje.

En við sjáum nú hvað setur. Það er spennandi þraut, sem nú er þreytt fyrir augunum á okkur. Ófriðurinn er byrjaður. Verð D. D. P. A. á sólarolíu til notkunar í Diesel-mótorum, sem árið 1920 var 670 kr. á smálest er nú nýlega komið niður í 85 krónur á smálest, til gleði fyrir alla diesevélæigendur, rafstöðvar knúðar með olíu og þá um leið notendur þess rafmagns sem þær framleiða. Ljósaolia lækkar sennilega einnig, benzin sömuleiðis og motorolian verður máske svo ódýr, að hún getur kepti við kolin.

Eða sættast keppinautarnir þegar frá líður, koma sjer saman um verð og skifta markaðinum á milli sín? Olíustríð hafa stundum sjest enda á þann hátt. En í þetta skifti lítur út fyrir, að ófriðurinn verði langvarandi og harður“.

I Vatnaskógi.

Skógræktarstjórin, hr. Kofoed Hansen, bað nokkrum mönnum með sje upp í Vatnaskógi síðastliðinn laugardag. Skógurinn hefir nú verið girtur og varinn í nokkur ár og síðan grisjaður. Árangurinn er sá fyrst og fremst, að skógarbotninn hefir nú gróið svo, að þar er grasvöxtur eins og í túni. Þá hafa og hríslur þær, sem eftir standa, þroskað og hekkað meira en áður. Einstóku trje eru farin að teygja toppana tölvert upp úr þeiri hæð, sem algengust er á skógartrjánum, og ber þetta vott um, að þroska er að færast í skóginum. Margar hríslur þar eru nú orðnar um 10 fet á hæð. — Stærð skógarsvæðisins er nálagt 580 vallar-dagslættum, og er hað trjánna misjöfn á ýmsum hlutum þess, en skógarbotninn alstaðar vaxinn þjettu og miklu grasi. Segir skógræktarstjórin að það sje aðalmarkmiðið, sem að sje stefnt með grisjunni, að skapa í skógunum beitiland. Parna í Vatnaskóginum álitur hann að nægileg sumarbeit væri nú fyrir 70—80 kyr og að arðvænlegt væri að koma þar upp kúaseli. Geta bundur í nágrennu haft samtök um það fyrirtæki, eða þá aðrir utanaðkomandi tekið landið á leigu og rekið fyrirtækið. Er sú hugmynd þess verð, að henni væri gaumur gefinn. Markaður er vís fyrir afurðirnar í Reykjavík. Má hugsa sjer að kýrnar, sem þarna veru hafðar í sumarseli, veru látnar bera snemma á sumri, og mætti þá framleiða þar mikið af mjólk, en að vetrinum veru þær ekki aldar til mjólkurframleiðslu, svo að þær yrðu þá ljettari í fóðri.

Vatnaskógor á vasalaust framtíð fyrir sjer. Hríslurnar þar eiga fyrir sjer að verða miklu hærri og stærri en þær nú eru. Og öll skilyrði eru til þess, að þarna komi upp með tímanum stórt kúabú á sumrum, sem sendi afurðir sínar daglega til Reykjavíkur.

Saga silungsins.

Landnáma segir, að hjer hafi verið fult af fiskum í hverri á og hverjum læk, og hafi mátt taka þá með höndunum. En hvernig hefir verið farið með silunginn eða laxinn? Það hafa allir drepið þessa fiska, hver sem betur hefir getað, og aldrei hugsað um að halda þeirra nytsemi alt fram undir síðstu aldamót. En þá var það að drengur einn. Helgi að nafni, í Hörgsdal, í grend við Mývatn, tók sig til og bygði dálítinn torfkofa handan við lakinn á móti bæ sínum, og veitti síðan ofurlitilli vatns lind inn í hann, en ljet lindina renna út úr honum aftur. Svo fór hann upp í Mývatnssveit og fjekk sjer silungs hrogn frjóvguð og bar þau í þriggja pela flósku heim í kofa sinn. Sínn. Þar hafði hann búið til dálítinn trje kassa, aflangan, tekið $\frac{1}{3}$ af göflunum og látíð fyrir þá aftur pjáttur plötur þjett stungnar, svo vatnið gæti runnið inn í annan gaflinn og út úr hinnum. Þá ljet hann 2 þumlunga þykt lag af smámöl á botn kassans, síðan dreifði hann hrognunum á kassabotninn og ljet lindina renna hægt þarna um nött

og dag. Altaf gætti hann að, ef eitt hrognis hvitnaði, þá var það dant, og síði hann það burt með ofurlitilli töng, sem hann bjó sjer til. Þannig liðu nú um 70 dagar. Þá fóru litlu hrognin að lifna og verða að ofurlitum silungum. Hrognin hafði hann tekið í nóvember, en þegar kom fram í maí, tók hann þetta smásíti og bar það í Kálfaborgar vatn. Þetta gerði hann í nokkur ár, klakti út 10—20 þúsundum á hverju hausti og setti silið sumt í vatnið en sumt í dálítla tjörn skamt frá þeim hans; heitir hún Brennitjörn og rennur hvorki úr henni nje í hana lækur. Í þessa tjörn bar hann silungs sili sín og fór að veiða úr henni eftir 5—10 ára bil og veiddi talsvert, og nú árlega mikið til heimilis brúkunar.

Pegar Mývetningar sáu, hvað þessi starfsmaður gerði til að viðhalsa silungnum og auka hann, fóru þeir, og það á nokkrum bæjum, að búa til klak kassa og koma þeim fyrir í smálindum hjá sjer, án þess að hafa nokkurn kofa yfir, en þeir gættu þess að frost kæmst ekki að klak kassanum. Nú eru orðin nokkuð mörg ár síðan að þeir höfðu þessa aðferð til að halda við silungi í Mývatni. Þeir skrifuðu Bjarna Sæmundssyni um þessa silungs ræktun, og ráðlagði hann þeim, að fá ungan man til að sigla til Noregs til að læra þar silungs- og laxa klak, og varð fyrir kjörinu Gíslu Árnason prófast sál. frá Skútustöðum. Fiskifjelag landsins veitti honum til fararinna 1500 krónur. Var hann í Noregi veturnum 1919, þegar hann kom heim sötti hann um fjárstyrk til alþingis, 6000 krónur, og fjekk afsvar frá þinginu og vildi búnaðarþingið ekki heldur sinna bón hans.

En í fyrra vor fór jeg suður á landbúnaðarsýninguna. Kom þá til míni Dýrlieff systir Gísla og sýndi mjer umsóknarskjál bróður síns, og sagði hún mjer, að hann fengi enga áheyrn þessu mikils varðandi nauðsynja mál og bað mig að reyna að koma málínun inn á búnaðarþingið, sem þá stóð yfir. Jeg sagði henni að senda skjalið ofan á þingið. Fór jeg síðan einn daginn, þegar jeg sá að umsóknin ætlaði enga áheyrn að fá hjá þinginu, til forseta Búnaðarfjelagsins og bað um leyfi til að tala nokkur orð á þinginu, þó jeg væri ekki fulltrúi, og sagði hann það velkomis. Skýrði jeg svo þetta nauðsynja mál og sýndi fram á nytsemi þess, og sagði þar frá hvað Mývetningar væru kommir langt á undan öðrum með að rækta silunginn hjá sjer, þar sem þeir væru nú farnir að róa á bátum á vatnið með einn öngul og draga líkt og úr sjónum, og fengi maðurinn þetta frá 40 til hundrað á dag. Í fyrra hafði verið óvanalegur afli þar í Mývatni á allflestum bæjum og til dæmis hefðu þeir á Geiteyjarströnd fengið á vognum í einum drætti 9 hundruð silunga. Var rú málid komið inn á dagskrána, og þegar farið að ræða það. Taldi búnaðarþingið það vera eitt það allra nauðsynlegasta mál, sem nú lægi fyrir þinginu og veitti Gísla 3000 krónur til að halda áfram með að rækta silunginn, með því nái samt að Fiskifjelagið legði til önnur 3000 kr., en það veitti 2000 og einstakir menn 1 þúsund með samtökum.

Svo nú er Gísli búinn að byggja steinhús í Garði við Mývatn og voru þar klakin út á næst liðnum vetri um 3 hundr. þúsund sili silungs og á 3 eða 4 bæjum við vatnið voru kassar með klaki i og lánaðist ágætlega vel.

Silungs aflinn við Mývatn hefir

aldrei verið jafn mikill sem nú síðastliðið vor. Má til dæmis nefna Reykjahlíð, þar sem alla tíð hefir verið lítið um nema lagneta afla, þar fengu þeir fengu þeir í fyrra drætti 150 af mjög stórum silungi. Drógu þeir kvöld eftir kvöld þetta 8, 10, 12 hundr. og eitt kvöldið fengu þeir í drætti 22 hundruð af vænum silungi. Pegar jeg fór að heiman 6. júlí frá Grænavatni, var sagt að þeir væru búinir að veiða á þessu vori um 8 þúsund silunga.

Af þessum 3 hundr. þús. silum sem ræktað voru í Garði, voru seld um eða yfir 60. þúsund sili út í önnur vötn, og kostaði 7 kr. þúsundið.

Og nú er Gísli á Laxamýri að byggja þar klakhús bæði fyrir silung og lax, 18 álnir á lengd og 10 álnir á breidd. Þegar á það er lítið, að 25 silungsvötn eru í Suður-Pingeyjarsýslu, þá veitir ekki að hafa einn færann man til að framleiða nóg klak i þau, fyrst ein 4—5 árin. En þetta nauðsynjamál þjóðarinnar má alls ekki dragast lengi, því hjer ræðir um litinn kostnað, en þekkingu og áhuga á framkvæmd

Smásöluverð


75 aurar

pakkinn 10 stykkja

Ágæt tegund

NAVY CUT

sigaretter



W. D. & H. O. WILLS,
BRISTOL & LONDON.

I. S. I.

K. R. I.

Knattspyrnumót Reykjavíkur

Fram og K. R keppa í kvöld kl. 6½

Aðgöngumiðar kosta í krónu.

Góð og ódýr skemtun.

Dansskóla

opnar undirrituð fyrir börn og fullorðna. Kendir verða: allir vanalegir og nýtisku dansar, sjerstakir barnadansar, plastik og solo-dansar.

Kenslan fyrir börn byrjar 15. sept.

Allar nánari upplýsingar í Kirkjustræti 4, 1. hæð.

Viðtalstími dagl. frá kl. 1—2.

Asta Norðmann.

Á norðurlandi eru margar ár, sem eru mjög góðar til að koma laxi í; að vísu er lax í þeim mórgum, dálítill, en mætti auka hann mikið, ef hægt væri, sem jeg efast alls ekki um að vekja þjóðaráhuga á þessu málum.

Það eru mórg vötn í norðurlandi, sem liggja innan sveitanna og svo fór hjer á suður- og vesturlandi, sem jeg hefi litla þekkingu á. Borgarfjarðarsýsla mun vera einna ríkust bæði af vötnum og ám til að klekja í, bæði silungi og laxi og þar er hin gullfallegra Hvítá. Þar sem lax nætti vera svo mikill að undrun sætti, því hreina vatnið, sem í hana rennur, teymir laxinn upp eftir henni.

Hjer í Ánessýslu og Rangárvallasýslu eru mjög fá og lítil vötn innan sveita, en aftur eru hjer ár, sem mætti reyna að koma lax í að minni hyggju. Því viðast hvar, þar sem árnar renna fossalaust til sjávar getur lax þrifist.

Einnig atti að vera auðvelt að auka silunginn í ánum með klaki. Vildi einhver reyna það, eru leiðbeiningar mínar honum velkomnar.

Reykjavík 2. sept.

Pórður Flóventsson
frá Svartárkoti.



J. J. Lambertsen
kaupmaður.

Eins og Morgunblaðið hefir áður frá sagt, andaðist J. J. Lambertsen kaupmaður hjer í bænum 26. f. m. og fer jarðarför hans fram í dag og hefst á heimili hans kl. 12.

Hann var fæddur 24. ágúst 1875, sonur C. Lambertsens kaupmanns á Ísafirði, sem lengi var verslunarstjóri fyrir Á. Ásgeirsson, en móðir hans var Katrín Kristín dóttir Jakobs Thorarensen kaupmanns á Reyðarfirði, sem kunnur var á sinni tíð fyrir höfðingskap og dagnað. — J. J. Lambertsen nam verslunarfreði í Suður-Jótlalandi, sem þá var þýskt, enda var faðir hans þaðan ættaður. Var hann við verslun þar nokkur ár, en fluttist hingað árið 1904 og byrjaði hjer verslun, er hann rak um hrið, en var svo ólánssamur að ganga í ábyrgðir, er ollu því, að hann neyddist til að hætta versluninni. Árið eftir komu sína hingað kvæntist hann frænku sinni, Jenny Lambertsen, er lifir hann ásamt 8 börnum þeirra, sem öll eru í bernsku. Má nærrí geta, hve hörmulegt fráfall Lambertsens er fyrir ekku hans og barnahópinn.

Eftir að Lambertsen hætti við verslun sína, rjeðist hann til Thomsens verslunar hjer í bænum og var þar þangað til sú verslun var lögð niður. Var hann settur hjer þýskur konsúll í fjarveru D. Thomsen. Eftir það rjeðist hann til Garðars Gíslasonar stórkauptmanns og var hjá honum um hrið, en byrjaði svo dálítla heildverslun hjer í bænum. Var ætlað þróngt í búi hjá honum, enda þurfti hann mikils með fyrir svo stóra fjoðskyldu.

